

Gerðu hring utan um öll **S** í vísunni, teldu svo hvað þau eru mörg og skráðu það í auða reitinn.

## Eggjakarlinn

Sonur kóngsins sat á vegg  
í sólskins skapi.

Nú liggur hann eins og lemstrað egg.


Það leiddi af hrapi.

Ef þú vilt hljóta þökk og laun,

-sem þykir gaman-

þá léttu af kóngi leiðri raun

og límdu hann saman.



Gerðu hring utan um öll **t** í vísunni, teldu svo hvað þau eru mörg og skráðu það í auða reitinn.

## Sigga og köngulóin

Með skyrskál Sigga sat í ró,

og sinnið það var glatt.

Þá kom þar skrýtin könguló

í kápu og með hatt.

-Þið sjáið þetta er satt.-

En Sigga varð svo voða hrædd

hún veinaði og datt.

